



FRELSI ÁBYRGÐ VELLÍÐAN ÁRANGUR

Þróunarsjóður grunnskóla í Garðabæ skólaárið 2017-2018

LOKASKÝRSLA VERKEFNISINS: GERT Í GARÐASKÓLA

Þróunarverkefni unnið í:

Garðaskóla

Tengiliður vegna verkefnis:

Auður Sigurðardóttir náms- og starfsráðgjafi audur@gardaskoli.is

Verkefnið í hnotskurn:

Markmið GERT verkefnisins er að bjóða upp á lausnir (verkfærakistu) fyrir nemendur og kennara í grunnskólum sem geta leitt af sér aukna þekkingu og ekki síður áhuga á raunvísindum og tækni og þannig uppfyllt betur framtíðarþörf vinnumarkaðar. Samtök iðnaðarins, Menntamálaráðuneytið og Samband íslenskra Sveitafélaga standa að verkefninu sem snýr að því að auka áhuga nemenda á raunvísindum og tækni, verkmenntun og störfum sem þeim tengjast (Skólar og tækni, 2018).

<http://gert.menntamidja.is/gert/>.

GERT – verkefnið í Garðaskóla hefur tekið á sig ýmsar myndir sl. ár og höfum við nýtt hugmyndafræði verkefnisins að hluta og aðlagð það okkar skólastarfi. Starfskynningar fyrir nemendur, fyrirtækjaheimsóknir, stofnanaheimsóknir, Starfamessa og heimsóknir frá fagaðilum inn í skólann sem eru þátttökuaðilar í GERT eru þau verkefni sem við höfum aðlagð að okkar starfi. Á döfinni er að koma á enn frekari samstarfi við tæknifyrirtæki með það að markmiðið að leyfa nemendum að spreyta sig á raunverulegum verkefnum og öðlist skilning á því ferli sem þar fer af stað líkt og gerist í atvinnulífinu. Valáfanginn „Hönnun og tækni“ er hópur sem mögulega gæti farið inn í þetta samstarf. Þá býður Garðaskóli einnig upp á Iðnskólaval í Tækniskóla Íslands en sá skóli er einnig aðili að GERT verkefninu.

Markmið verkefnisins:

Markmið verkefnisins er að efla starfsfræðslu í Garðaskóla og starfsvitund nemenda. Sérstök áhersla verður lögð á að kynna störf á sviði iðn- og tæknigreina. Verkefnið er unnið í framhaldi af þátttöku Garðaskóla í GERT (<http://www.si.is/malaflokkar/menntamal-og-fraedsla/gert/>) og því er ætlað að festa starfsfræðslu betur í sessi innan skólans.

Ábyrgðarskóli verkefnis: Garðaskóli

Verkefnisstjóri: Auður Sigurðardóttir náms- og starfsráðgjafi

Þátttakendur: Nemendur í 10. bekk Garðaskóla. Einnig fengu nemendur í 8. og 9. bekk að njóta góðs af verkefninu m.a. með Starfamessunni og starfskynningum.

Yfirlit um framkvæmd verkefnisins:

Strax á haustmánuðum var hafin vinna við að mynda tengsl við fyrirtæki sem eru þátttökuaðilar í GERT. Einnig var hafin undirbúningur við að tengjast fyrirtæki í tæknigeiranum með það að markmiði að koma á fót samstarfi við fyrirtækið og skólans með ákveðin verkefni í huga með nemendum í valfaginu *Hönnun og tækni*. Í desember héldum við Starfamessu þar sem við nýttum okkur sambönd innan GERT fyrirtækja sem og þátttöku forráðamanna. Í marsmánuði völdu nemendur sér starfskynningu út frá áhuga. Eðlilega voru sumar heimsókninar vinsælli en aðrar en flestir fengu það sem þeir höfðu áhuga á. Í allt voru þetta 14 heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir og þá fengum við einnig Team Spark og VR í heimsókn í tengslum við starfsfræðsluna. Þess má geta að Tækniskóli Íslands- skóli atvinnulífsins bauð öllum nemendum í 10. bekk í heimsókn og voru nemendur mjög ánægðir með þá heimsókn en Tækniskólinn er þátttakandi í GERT verkefninu. Þá fóru um 350 nemendur í 8. og 9. bekk í starfskynningar á vordögum, langflestir á vegum forráðamann en GERT verkefnið var m.a. nýtt til að koma þeim í starfskynningar sem ekki gátu útvegað sér sjálfir.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun:

Frá upphafi skólaársins var ætlunin að koma með nýjan vinkil inn í GERT verkefni en hann var sá að auka enn samstarf milli tæknifyrirtækis og skóla með raunverulegum og áþreifanlegum verkefnum fyrir nemendur. Sú vinna bar ekki þann árangur sem við vonuðumst eftir en mjakaðist þó í rétta átt. Í samstafi við Orego (áður Nýherji) munum við koma á fót verkstæðisvinnu bæði í Orego og í Garðaskóla með samstarf í huga á næsta skólaári. Þá verður horft til valfagsins *Hönnun og tækni* sem kennsluráðgjafi í tölvum heldur utan um. Með því að einblína á minni nemendahóp og nemendur sem hafa valið sjálfir þennan áfanga er líklegra að verkefnið nái að þróast og mótast með áhugasömum nemendum. Þar sem ekki náðist að hrinda í framkvæmd samstarfi við Origo á þessu skólaári náðum við ekki að nýta styrkinn til fulls en bindum vonir um að það takist á næsta skólaári.

Mat á verkefnum:

Matslisti var lagður fyrir nemendur í 10.bekk á vordögum þar sem þeir voru spurðir um bæði náms- og starfsfræðslu í Garðaskóla. Rúm 80% nemenda svöruðu matslistunum. Þegar spurt var um hvernig fyrirtækjaheimsóknin hafi verið þá svöruðu 96% að heimsóknin hafi verið jákvæð, þ.e. „mjög fín“, „spennandi“ og „allt í lagi“. Hjá þeim sem svöruðu neikvætt þá voru svörin „ekkert sérstök“ og „alls ekki nógu góð“ fyrir valinu. Um 75% nemenda töldu sig hafa lært mikið á heimsókninni en 25% sögðust ekki hafa lært mikið. Almenn ánægja var með heimsókn skólans í Tækniskóla Íslands – skóla atvinnulífsins en 80% nemenda gáfu heimsókninni góða einkunn. Heimsókn frá Team-spark(verkfræðinemar úr HÍ) var einnig jákvæð hjá nemendum en um 75% nemenda töldu heimsóknina áhugaverða og heimsóknin frá VR (réttindi og skyldur ungmenna á vinnumarkaði) féll vel í kramið en um 90% nemenda fannst hún gagnleg.

Um 71% nemenda hefðu verið til í fleiri heimsóknir og nefna m.a.

„að gott er að fara í heimsókn og fá betri tilfinningu fyrir vinnunni“
„mikilvægt að sjá vinnustaðina“
fróðlegt að fræðast um námsleiðir hjá starfsfólkinu“
„gott að brjóta upp skólastarfið“
„auka þekkingu á atvinnulífinu“
„sá mun meira af því sem ég gæti lært“
„vekur áhuga á allskonar störfum“

Um 29% nemenda voru ekki til í fleiri heimsóknir og fannst rúmunum þriðjungu af þeim hópi að þetta hafi verið nóg og að þeir þyrftu ekki á fleiri heimsóknum að halda. Þessi hópur var þó mjög ánægður með að hafa farið í starfskynningu. Aðeins 12 nemendur af þeim hópi sem ekki voru til í fleiri heimsóknir voru frekar neikvæðir gagnvart starfskynningum og nefndu m.a.:

„tímasóun“
„búinn að ákveða mig“
„frekar einblína á lokapróf“
„nenni ekki, vesen“
„finnst ekki gaman“

Þegar nemendur voru beðnir um að svara því hvort heimsóknir í fyrirtækin hefðu skilað einhverju til þeirra þá voru langflestir sem nefndu að þær *opni fyrir nýja möguleika, veki áhuga, séu skemmtilegar og upplýsandi*. Mjög margir nefndu einnig að slíkar heimsóknir væru *tilbreyting frá hefðbundnu skólastarfi*. Örfáir nemendur nefndu að heimsóknir sem þessar væru *ekki skemmtilegar og óþarfar*.

Niðurstöður sýna að nemendur eru langflestir ánægðir með að fara í starfskynningar og væru til í enn fleiri. Óánægjuraddir eru í algjörum minnihluta og því má draga þær ályktanir að verkefni sem þetta sé bæði fræðandi, áhugavekjandi og skemmtilegt fyrir stóran hóp nemenda í Garðaskóla.

Ráðstöfun styrks

Dags	Skýring	Upphæð	
7.-8. mars	Rútur	277.000	kr.
2.8.2018	Rúta, útlagður kostnaður Garðaskóla v. Ferðar á Landspítala	48.000	kr.
2.8.2018	Verkefnastjórn	175.000	kr.
	Samtals	500.000	kr.

Afrakstur og/eða ávinningur fyrir skólastarf:

Ávinningur af verkefni sem þessu er sú tengslamyndun sem við höfum náð við fyrirtæki sem eru aðilar að GERT verkefninu sem og önnur fyrirtæki eða stofnanir. Með þátttöku í GERT höfum við nú greiðari aðgang að tæknifyrirtækjum sem eru tilbúin í frekara samstarf sem verður þróað á næstu mánuðum. Þá er mikilvægt að efla viðsýni og áhuga nemenda á fjölbreyttum störfum sem eflir þá í komandi ákvörðunum á næstu stigum. Nemendur verða öruggari í ákvarðanatöku sinni þegar kemur að umsóknum um inngöngu í framhaldsskóla og þá eflir verkefnið náms- og starfsfræðslu við Garðaskóla og tengir þá fræðslu betur við raunverulegan vettvang og atvinnulífið. Verkefnið tekst á við þætti sem hafa mikil áhrif á brottfall nemenda úr íslenskum framhaldsskólum, þ.e. að nemendur velji sér námsleiðir við hæfi. Verkefnið felst í samtali og samstarfi skóla og heimila og er mikilvæg viðbót við önnur verkefni sem tryggja gott flæði milli þessara aðila.

Kynning á verkefninu:

Verkefnastjóri GERT í Garðaskóla hefur nú á þessu skólaári kynnt verkefnið á vegum Samtaka iðnaðarins. Í maí mánuði var *GERT – í Garðaskóla* kynnt á vörfundum GERT sem haldinn var í Háskólanum í Reykjavík. Þar voru fleiri aðilar sem náð hafa góðum árangri með verkefnið í skólastarfið. Þá var haldinn kynningarfundur á Akureyri á vegum Samtaka iðnaðarins fyrir skólafólk og fyrirtæki þar sem námsráðgjafi Garðaskóla kynnti útfærsla Garðaskóla á GERT- verkefninu. Fjölmargar fyrirspurnir hafa borist skólanum frá öðrum skólum þar sem óskað er eftir frekari upplýsingum um verkefnið.

Í viðhengi er umsögn frá verkefnastjóra GERT hjá Samtökum iðnaðarins.

2. ágúst 2018

Auður Sigurðardóttir verkefnastjóri GERT í Garðaskóla

Brynhildur Sigurðardóttir skólastjóri Garðaskóla



Reykjavík, 31. maí 2018.

Garðaskóli hefur verið þátttakandi í GERT verkefninu frá upphafi og má í raun segja að hann hafi verið leiðandi í starfinu. Þau hafa prófað ýmsar mismunandi aðferðir við að efla áhugann á raun-, tækni- og iðngreinum og á hverju ári hafa þau farið yfir verkferlana og athugað hvað það er sem vel hefur gengið og hvað má betur fara. Þau eru sem sagt óhrædd við að gera mistök og læra af þeim. Það segir ef til vill sína sögu að í verkefnakistunni á heimasíðu GERT eru langflest verkefnanna frá Garðaskóla, enda eru þau alltaf til í að deila upplýsingum með öðrum skólum, sem eru kannski að taka sín fyrstu skref í GERT verkefninu. Garðaskóli hefur verið ómetanlegt aðhald fyrir GERT fyrirtækin og í raun verið leiðandi í búa til „handrit“ að heimsóknnum grunnskólanemenda í fyrirtækin, þar sem aðal áherslan er að hitta starfsmenn og fá upplýsingar um menntun þeirra og starf og ekki er verra ef nemendurnir fá að „prófa“ starfið, ef svo má að orði komast. Garðaskóli hefur því komið sér upp afskaplega sterku tengslaneti meðal fyrirtækjanna og nemendurnir geta valið sér fyrirtækjaheimsóknir eftir áhugasviði, sem gerir þær markvissari og skilvirkari fyrir vikið.

Garðaskóli heldur starfameessu á hverju ári sem er nú þegar orðin fyrirmynd margra annarra GERT skóla. Þetta er afskaplega sniðug og ódýr leið til að vekja áhuga nemenda á hinum ýmsu störfum og ekki skemmir fyrir að foreldrar taka virkan þátt í starfameessunni og sífellt eykst áhugi hjá fyrirtækjunum í að „fá“ að vera með

Það sem er kannski jákvæðast við Garðaskóla í GERT verkefninu er hugarfarið. Þau eru opin fyrir því að kynna mjög margar mismunandi leiðir fyrir nemendum sínum til að reyna að vekja áhuga hjá þeim á áframhaldandi námi og þar af leiðandi treysta þeim fyrir sinni eigin framtíð.

Vð hjá Samtökum iðnaðarins bindum miklar vonir við áframhaldandi samstarf við Garðaskóla í GERT verkefninu og vonumst til að geta haldið áfram að leita til skólans.

Bestu kvedjur,

Jóhanna Vigdís Arnardóttir, verkefnastjóri GERT.